

130. löggjafarþing 2003–2004.  
Þskj. 259 — 239. mál.

**Fyrirspurn  
til heilbrigðisráðherra um heilsugæslu í framhaldsskólum.  
Frá Ástu Möller**

Háttvirtur þingmaður Ásta Möller hefur beint til mín fyrirspurn um hvernig miði undirbúningi fyrir skipulagða skólaheilsugæslu ungmenna í framhaldsskólum.

Nýlega svaraði ég hér á Alþingi fyrirspurn um kynfræðslu í framhaldsskólum. Í því svari kom ég nokkuð inn á skólaheilsugæslu, enda eru þessi mál samofin. Þar kom fram að samkvæmt upplýsingum sem verkefnisstjórn um heilsufar kvenna aflaði í byrjun þessa árs reyndist skólaheilsugæsla af einhverju tagi vera til staðar í 14 framhaldsskólum af þeim 23 sem haft var samband við. Í níu þessara skóla var ekki boðið upp á skólaheilsugæslu og af þeim voru fimm á höfuðborgarsvæðinu. Í því sambandi ber að geta þess að Heilsugæslan á Stór-Reykjavíkursvæðinu býður ungmennum á aldrinum 13 - 20 ára upp á þjónustu fagaðila á móttökustöðvum fyrir ungt fólk því að kostnaðarlausu.

Heilsuvernd barna á Íslandi er og hefur verið afar góð um langt skeið. Svo góð að athygli hefur vakið út fyrir landsteinana. Hér á ég fyrst og fremst við ung- og smábarnavernd sem er í mjög föstum skorðum og vel sinnt um allt land. Þá er heilsugæsla í grunnskólum skipulögð í beinu framhaldi af heilsugæslu ungbarna og njóta því öll börn skipulagðrar skólaheilsugæslu til loka grunnskóla.

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ, er langstærsta stofnun á sviði heilsugæslu í landinu. Innan hennar vébanda starfar Miðstöð heilsuverndar barna -(hét reyndar áður Barnadeild

Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur) - sem hefur verið traustur bakhjarl ung- og smábarnaverndar.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að mótun stefnu fyrir Miðstöð heilsuverndar barna. Þeirri vinnu er nýlega lokið og hefur stefnan verið samþykkt formlega af Heilsugæslunni. Meðal helstu nýmæla er að Miðstöð heilsuverndar barna verður falin fagleg forysta um heilsuvernd barna **allt að 18 ára aldri**. Annað mikilvægt atriði er að Miðstöðinni verður ætlað hlutverk á landsvísu. Hún mun styðja við landsbyggðina um málefni sem snerta heilsuvernd barna yngri en 18 ára og er ætlunin að þjónusta hennar standi til boða heilsugæslunni um allt land eftir því sem heilsugæslan úti á landi kærir sig um og fær er.

Sterk forysta og miðlæg stefnumótun um heilsuvernd barna, eins og framangreint felur í sér, tel ég að geti orðið mikill styrkur fyrir heilsugæslu í landinu og stuðlað að samræmi í heilsugæsluþjónustu við ungt fólk, hvort sem það stundar nám í framhaldsskólum eða ekki. Þótt ég dragi ekki í efa mikilvægi góðrar skólaheilsugæslu má heldur ekki gleyma þeim tíu prósentum ungs fólks sem ekki fara í framhaldsskólanám að loknum grunnskóla.

Fyrirkomulag heilsugæslu fyrir fólk á framhaldsskólaaldri er ekki allskostar einfalt og hægt er að hugsa sér það með ýmsu móti. Móttökur fyrir ungt fólk kunna að vera góður kostur sem jafnvel getur að einhverju leyti komið í stað heilsugæslu innan veggja skólans. Og þær hafa þann kost að þangað getur allt ungt fólk leitað, ekki aðeins nemendur framhaldsskólanna. Það þarf heldur ekki að vera slæmur kostur fyrir ungt fólk að leita beint á sína heilsugæslustöð, en ef til vill þarf að breyta einhverju í þjónustu stöðvanna til að gera þann kost fýsilegri fyrir ungt fólk.

Ég geri ráð fyrir að Miðstöð heilsuverndar barna muni einmitt velta fyrir sér spurningum sem þessum og á grundvelli svara við þeim móta stefnu í þessum málaflokki.

Ég þakka háttvirtum þingmanni, Ástu Möller, fyrir að vekja máls á þessu og vona að svör mín hafi orðið til að skýra nokkuð stöðu þessara mála.

(Talað orð gildir)